

Garðabær
Hrönn Hafliðadóttir
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Garðabær, 15. október 2025
202510-0048/Á.G.
08.06

Efni: Ósk um umsögn – Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar – Háholt og Hnoðraholt - 0488/2025 og 1282/2024.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Garðabær er barst 9. september þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Háholts Hnoðraholts.

Í greinargerð kemur fram að um aðalskipulagsbreytingu sé að ræða á ákvæðum í landnotkunarreitum í köflum 3.3 íbúðarbyggð, 3.6 Samfélagsþjónusta, 3.8 lðnaðarsvæði, veitumannvirki og 3.15 Opin svæði. Breytingin nær til svæða í Háholti og Hnoðraholti, nánar til tekið svæða: 4.04 Íb (Hnoðraholt suður), 4.05 S (Hnoðraholt-leikskóli), 4.18 Op (Hnoðraholt-Vífilsstaðir) og 4.22 I (Hnoðraholt veitumannvirki).

Náttúruverndarstofnun hefur farið yfir breytingatillöguna og gerir ekki athugasemdir við hana á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Ármann Guðmundsson
sérfræðingur
Sigrún Valgarðsdóttir
sérfræðingur